

Nd.

862. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og sent það til umsagnar til Félags sláturleyfishafa, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Neytendasamtakanna, Stéttarsambands bænda, Hollustuverndar ríkisins, Dýralæknafélags Íslands, yfirdýralæknis og Kaupmanna-samtakanna.

Í frumvarpinu, eins og það kom fram frá ríkisstjórninni, er gert ráð fyrir því að undanþágur megi ekki veita nema til 1. júní 1988. Það er samhljóða ákvæði í bráðabirgðalögum sem gefin voru út 16. júní 1987. Yrði frumvarpið samþykkt óbreytt yrði engar undanþágur hægt að veita vegna slátrunar á komandi hausti. Nefndin telur rétt að framlengja undanþáguheimild ráðherra í tvö ár.

Landbúnaðarnefnd leggur á það áherslu að þegar í stað verði hafist handa um endurskipulagningu og endurbætur á sláturhúsum í landinu.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „1988“ komi: 1990.

Alþingi, 18. apríl 1988.

Árni Gunnarsson,
form., frsm.
Eggert Haukdal.

Alexander Stefánsson,
fundaskr.
Ingi Björn Albertsson.

Páll Pétursson.

Pálmi Jónsson.

Ragnar Arnalds.